



Aðgerðaáætlun farsældar barna 2026

Menntaráð

13. mars 2026

Eydís Rós Ármannsdóttir,
verkefnastjóri skrifstofu velferðarsviðs





Aðdragandi aðgerðaáætlunar

- Áætlunin byggir á samtölum við hagsmunaaðila og stöðumati sem unnið hefur verið
 - Stöðumat leik- og grunnskóla
 - Stöðumat á innleiðingunni
- Endurskipulagning stjórnskipulag verkefnisins
- Innri endurskoðun
- Ráðgjöf frá Barna- og fjölskyldustofu varðandi innleiðinguna
- Handbók farsældar



Markmið aðgerða ársins 2026

- Níu aðgerðir
- Festa samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í sessi
- Skýrt eignarhald og skuldbinding helstu hagsmunaaðila
- Verklag farsældar barna verði hluti af daglegu starfi
- Áhersla á:
 - Markvissa fræðslu
 - Styrkingu lykilhlutverka
 - Samstarf milli hagsmunaaðila
 - Betri nýting verklagsreglna



Verkferlar fyrir samþættingu þjónustu

- Markmið er að gera verkferla við samþættingu þjónustu notendavænni og aðgengilegri til að auka áhuga, færni og hæfni tengiliða og málstjóra farsældar til að nýta þá í framkvæmd.
- Með því er stefnt að því að fleiri prófi sig áfram í samþættingu þjónustu, kynni hana fyrir börnum og fjölskyldum, vinni eftir verkferlunum og auki skilvirkni í þjónustunni.
- **Tímarammi:** Febrúar til apríl 2026



Vinnustofa fyrir tengiliði og málstjóra farsældar

- Styrkja tengiliði og málstjóra farsældar í sínu hlutverki, að geta stutt við samþættingu þjónustu af öryggi
- **Samstarfsaðilar:** Barna- og fjölskyldustofa, tengiliðir farsældar í leik-, grunn- og framhaldsskóla, málstjórar farsældar, tengiliðir farsældar á heilsugæslum í Reykjanesbæ
- **Tímarammi:** 24. mars 2026
- **Fjármagn:** 400 þúsund kr.



Fræðsla til alls starfsfólks og kjörinna fulltrúa

- Allt starfsfólk Reykjaneshæjar og kjörnir fulltrúar þekki til farsældarlaganna, þekki hlutverk og ábyrgð þjónustuveitenda.
- Allt starfsfólk Reykjaneshæjar og kjörnir fulltrúar hafi lokið fræðslu í farsæld barna fyrir lok apríl 2026
- Rafræn fræðsla í gegnum Fræðsluvefinn Fróða
- **Tímarammi:** Febrúar til apríl 2026
- **Fjármagn:** 300 þúsund kr.



Upplýsingagjöf á vef Reykjaneshöfn

- Tryggja að allir hagsmunaaðilar og íbúar hafi aðgang að réttum og notendavænum upplýsingum á vef Reykjaneshöfn.
 - Fara yfir og endurbæta upplýsingar á vefsíðu – apríl 2026
 - Setja inn lista yfir farsældarþjónustu (úrræðalista) inn á vef Reykjaneshöfn – apríl 2026
- **Tímarammi:** Mars til apríl 2026



Tengslanet við almenna þjónustuveitendur

- Auka og styrkja samvinnu við almenna þjónustuveitendur til að bæta upplýsingaflæði, samstarf og árangur innleiðingarinnar.
- *Almenn þjónusta í þágu farsældar barns: Allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda sem á þátt í að stuðla að farsæld barns, t.d. þjónusta sjálfstætt starfandi sérfræðinga, **íþróttá-, lista- og æskulýðsstarf** og starfsemi frjálsra félaga- og hagsmunasamtaka.*
- **Samstarfsaðilar:** Stýrihópur, íþróttafélög, tómstundastarf, svæðisfulltrúar íþróttahéraða á Suðurnesjum
- Áfangi 1 - Kortlagning
- Áfangi 2 – Ræsa eitt sameiginlegt verkefni, samvinnu eða ferli með að minnsta kosti þremur þjónustuveitendum innan þriggja mánaða frá lokum fyrsta áfanga.



Styrkja tengiliði farsældar í sínu hlutverki

- Stuðla að því að tengiliðir séu öruggir í sínu hlutverki, geta stutt við samþættingu þjónustu með öryggi í hendi.
- **Undirmarkmið:**
 - Tryggja að verklagsreglur séu til hjá öllum skólum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt.
 - Tryggja markvissan stuðning og fræðslu til tengiliða í notkun á verkferlum og stuðningsefni
- **Samstarfsaðilar:** Tengiliðir á heilsugæslum í Reykjanesbæ, tengiliðir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, málstjórar farsældar



Styrkja málstjóra farsældar í sínu hlutverki

- Að efla stuðningskerfi og verkferla málstjóra þannig að þeir geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt farsældarlögum af fagmennsku og skilvirkni.
- **Samstarfsaðilar:** Tengiliðir á heilsugæslum í Reykjanesbæ, tengiliðir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, tengiliðir farsældar í leik- og grunnskólum
- Til að mynda verða haldnir fundir með málstjórum þar sem rýnt verður í verkferla og stuðningsefni.



Kynning og fræðsla til íbúa

- **Yfirmarkmið:** Með markvissri fræðslu og samræmdri kynningu er stefnt að því að auka skilning fjölskyldna í Reykjanesbæ á samþættri þjónustu og þeim stuðningsúrræðum sem í boði eru.
 - Fjölskyldur í Reykjanesbæ þekki til hvað felst í samþættingu þjónustu
 - Auka traust og samvinnu milli foreldra, skóla og þjónustuaðila.
- **Undirmarkmið:**
 - Útbúa upplýsingabækling um farsæld barna – apríl 2026
 - Framleiða þrjú stutt myndbönd með jákvæðum reynslusögum frá fjölskyldum í Reykjanesbæ – lokið fyrir lok júní 2026
 - Markaðsáttak á vef og samfélagsmiðlum Reykjanesbæjar (myndbönd um reynslusögur og bæklingur) – Hefst á samfélagsmiðlum í byrjun skólaárs ágúst 2026



Farsæld í samfélaginu


- Stuðla að því að hugtakið farsæld festi sig í sessi í samfélaginu í heild sinni
- Undirmarkmið:
 - Fyrir lok árs 2026 verði búið að tengja við hátíðir í sveitarfélaginu eða í leik- og grunnskólum með hugtakið „farsæld barna“ að leiðarljósi
 - Leik- og verkefnamiðuð fræðsla fyrir börn um farsæld barna
- Aðgerðin er á frumstigi.
- Dæmi um framkvæmd getur verið að halda farsældarviku, vera með farsældar þema í leik- og grunnskólum, samvinna með ungmennaráði (hvað þýðir farsæld fyrir þeim)

[illegible]



Mikilvægi aðgerðaáætlunar

- Stuðla að aukinni skilvirkni og gagnsæi í innleiðingunni
- Tryggja að við séum öll samstíga að sameiginlegum markmiðum
- Fjárfesting í eignarhaldi og skuldbindingu með því að láta *alla* koma að áætluninni
- Áætlunin verður gerð opinber á vef Reykjanesbæjar
- Rýni og endurgjöf:
 - Stýrihópur og eigendur, sérfræðingar á farsældarsviði Barna- og fjölskyldustofu – *fasa lokið*
 - Tengiliðir farsældar, stjórnendur leik- og grunnskóla, málstjórar farsældar, verkefnastjóri Farsældarráðs Suðurnesja, ungmennaráð – *fasa lokið 18.feb*
 - Lagt til kynningar og samþykktar í velferðarráð (12.feb), menntaráð (13.mars), íprótta- og tómstundaráð (11.mars) og lýðheilsuráð (17.mars)
 - Sent til kynningar til ípróttahreyfingar og tómstundastarfs, heilsugæslustöðva, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Lögreglunnar á Suðurnesjum (eftir 20.feb).



**Saman vinnum við að
farsæld barna í Reykjanesbæ**